

115. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn fimmtudaginn 26.03. 2015, kl. 20.30 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar Klettsbúð 4, Hellissandi.

Mættir: Anton Ragnarsson formaður,  
Arnar L. Jóhannsson,  
Bylgja D. Jónsdóttir,  
Gísli Bjarnason,  
Alexander F. Kristinnsson,  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 05.12. 2014, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerð 114. fundar hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 369 dags. 31.10., nr. 370 dags. 11.12. 2014, nr. 371 dags. 16.01. og nr. 372 dags. 13.02. 2015. Lagt fram til kynningar.
3. Fundargerð 39. Hafnasambandsþings dags. 05.09. 2014. Lagt fram til kynningar.
4. Fundargerð aðalfundar Varar sjávarrannsóknaseturs við Breiðafjörð dags. 09.10. 2014. Lagt fram til kynningar.
5. Ársreikningur Hafnasambands Íslands árið 2014. Lagt fram til kynningar.
6. Samgönguáætlun tímabiðið 2015 – 2018. Hafnarstjóri kynnti tillögu að framkvæmdum í höfnum Snæfellsbæjar og að framkvæmdum við sjóvarnir í Snæfellsbæ á tímabilinu. Tillagan samþykkt samhljóða.
7. Gjaldskrá hafnarsjóðs. Hafnarstjóri kynnti gjaldskrána og fór yfir helstu liði hennar. Gjaldskráin samþykkt samhljóða.
8. Hafnarstjóri sagði frá því að við slökkvistarf þann 25.01. s.l. þegar kveiknaði í bátnum Þrasa SH – 375, skipaskr.nr. 7760, sem lá við fingurflotbryggjuna í Ólafsvíkurhöfn hafi einn slökkviliðsmaður slasast. Í framhaldi af því óskaði bæjarráð Snæfellsbæjar eftir því við hafnarstjóra að hann myndi mæta á fund bæjarstjórnar. Var fundurinn haldinn þann 05.03. s.l. og fór hafnarstjóri yfir öryggismál allra hafna í Snæfellsbæ og svaraði fyrirspurnum bæjarfulltrúa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22.00

Anton Ragnarsson formaður,  
Arnar L. Jóhannsson.  
Gísli Bjarnason.  
Alexander F. Kristinnsson.  
Bylgja D. Jónsdóttir.  
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.